

s. st. tekið með sjerstöku sjálfsskuldarábyrgðarskjali útg. 12. desbr. 1921.

Hefir stefnandi gert þær kröfur að stefndir verði dæmdir til þess in solidum að greiða sjer hina umstefndu upphæð kr. 4500,00, með 6% ársvöxtum, frá 6. apríl 1924, til þess er greitt verður og málskostnað að skaðlausn.

Stefndir hafa hvorki mætt nje látið mæta í málinu og er þeim þó löglega stefnt. Verður því samkv. N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. sbr. tilsk, 15. ágúst 1832, 8. gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og með því að stefnandi hefir lagt fram í málinu greint skuldabryf og sjálfsskuldarábyrgðarskjal, sem eru að öllu leyti samhljóða dómkröfum hans, verður að taka þær til greina, að öllu leyti og ákveðst málskostnaðurinn kr. 331,50, samkvæmt framlögðum, sundurliðuðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarks-gjaldskrá málfærslumannafjel. Íslands.

Miðvikudaginn 22. júní 1927.

Nr. 22/1927. **Oddur Gíslason bæjarfógeti á Ísafirði f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar-kaupstaðar** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Þórði Jónssyni (Enginn).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetarjettar Vestmannaeyja 16. okt. 1926: Hin umbeðna gjörð á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Sumarið 1925 stundaði vjelbáturinn »Enok« frá Vestmannaeyjum síldveiðar frá Ísafirði og lagði aflann þar á land. Um haustið í septembermánuði lagði niðurjöfnunarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar 300 kr. aukaútsvar á bátinn og hefir verið lagt fyrir hæstarjettvottorð formanns niðurjöfnunarnefndarinnar um að

niðurjöfnunin hafi verið auglýst og legið frammi hjá bæjargjaldkera lögakveðinn tíma. Útsvarið var ekki greitt áður en báturinn að enduðum veiðum fór frá Ísafirði og var því beiðst innheimtu á því í Vestmannaeyjum, og er greiðslu útsvarsins var neitað þar, krafðist bæjarfógeti Ísafjarðar 27. apríl f. á., að það yrði tekið lögtaki, en þessu var synjað í fógetarjetti Vestmannaeyjakaupstaðar með úrskurði 16. okt. f. á.

Úrskurði þessum hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 2. mars þ. á. og þess krafist, að hann verði feldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma lögtakið. Svo hefir og verið krafist málskostnaðar í hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Áfrýjunarstefnan hefir verið löglega birt stefnda, en enginn hefir mætt af hans hálfu í hæstarjetti og hefir því málið verið flutt þar skriflega samkv. 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Fógeti Vestmannaeyjakaupstaðar hefir beint lög-takskröfunni gegn stefnda, sem í skjölum málsins er talinn vera eigandi að eins að $\frac{1}{3}$ hluta úr vjelbátnum »Enok« og synjaði fógetarjetturinn um lögtakið af þeirri ástæðu, að útsvarið hafi verið lagt á bátinn en hvorki á stefnda sjálfan nje á hann fyrir hönd bátsins. En á þetta verður ekki fallist. Það er ómótmælt, að báturinn hafi stundað sildveiðar frá Ísafirði sumarið 1925 og lagt þar upp aflann og var niðurjöfnunarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar samkv. 19. gr. í l. nr. 67, 14. nóv. 1917 sbr. 1. gr. 2. málslið í l. nr. 47, 27. júní 1921 heimilt að leggja aukaútsvar á atvinnurekstur þennan og svo sem venja er til gjöra bátnum þ. e. útgerð hans að greiða út-

svarið. Þar sem nú stefndi var eigandi að nokkrum hluta bátsins og ómótmælt er, að hann hafi gjört bátinn út á síldveiðarnar að sínum hluta og hinsvegar ekkert er upplýst um það, að sjerstakur útgerðarstjóri hafi verið kosinn, var það ekki óheimilt að beina útsvarskröfunni gegn honum f. h. útgerðar bátsins. Það ber því að fella hinn áfrýjaða fógeta-rjettarúrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta Vestmannaeyjakaupstaðar að framkvæma lögtakið hjá stefnda fyrir hönd útgerðar bátsins.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður er úr gildi feldur og ber fógeta Vestmannaeyjakaupstaðar að framkvæma lögtakið.

Stefndi, Þórður Jónsson f. h. útgerðar bátsins, greiði áfrýjanda, bæjarfógeta Oddi Gíslasyni f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðförl að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Þar eð umkrafid útsvar er lagt á vjelbátinn »Enok« verður að taka til greina mótmæli gjörðarþola um að lögtak sje gert hjá honum fyrir því, þar sem útsvarið hvorki er lagt á hann sjálfan eða hann fyrir hönd bátsins.
